

**SAMÞYKKT**  
**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp**  
**Skeiða- og Gnúpverjahrepps nr. 758/2013.**

1. gr.

40. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

**Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.**

A. Sveitarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnar

1. **Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar.** Kjósa skal þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Sveitarstjórn skipar formann nefndarinnar. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna og laga um kosningar til Alþingis.
2. **Skólanefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.
3. **Afréttarnefnd Gnúpverjafréttar.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með stjórn fjallskilamála í fjallskiladeild. Skeiða- og Gnúpverjahrepps í umboði sveitarstjórnar, sbr. ákvæði laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og fjallskilareglugerð og önnur landbúnaðarmál.
4. **Umhverfisnefnd.** Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til sveitarstjórnar um umhverfismál. Þá fer nefndin jafnframt með málefni gróðurverndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965 og hlutverk náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
5. **Húsnæðisnefnd.** Sveitarstjórn fer með verkefni húsnæðisnefndar skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
6. **Bókasafnsnefnd** Sveitarstjórn fer með verkefni bókasafnsnefndar sbr. lög nr. 150/2012
7. **Umferðarnefnd.** Sveitarstjórn fer með verkefni umferðarnefndar, sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
8. **Menningar- og æskulýðsnefnd.** Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og þrjá til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til sveitarstjórnar um menningarmál í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þá kemur nefndin að skipulagningu á viðburðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi
9. **Velferðar- og jafnréttisnefnd.** Nefndin er skipuð af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Kosnir skulu þrír aðalmenn og jafnmarga til vara og er nefndinni ætlað að vinna að velferðar- og jafnréttis málum í sveitarfélaginu
10. **Atvinnu- og samgöngunefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara kjörnir af sveitarstjórn. Nefndinni er ætlað að vinna að atvinnu- og samgöngumálum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og er hún ráðgefandi nefnd sem gerir tillögur til sveitarstjórnar.

2. gr.

10. tölul. B-liðar 40. greinarinnar verður svohljóðandi:

**Aðalafundur SASS.** Fjöldi fulltrúa á aðalfundi samkvæmt reglum SASS um fjölda fulltrúa í samræmi við íbúafjölda sveitarfélagsins.

3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu 11. júlí 2014.

  
Hermann Sæmundsson

F. h. r.

  
Stefanía Traustadóttir